

Döttblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 7. árg. mars 2006



Í þessu blaði ...

Döfblaðið

Fréttabréf Félags
heyrnarlausra

1. tölublað 7. árgangur
febrúar 2006

Félag heyrnarlausra
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 561 3560
Fax: 551 3567
Netfang: deaf@deaf.is
Veffang: www.deaf.is

Að blaðinu unnu:
Eva Hrönn Stefánsdóttir
Kristinn Jón Bjarnason

Prófarkalestur:
Margrét Baldursdóttir

Ljósmyndir:
Hjördís A. Haraldsdóttir
Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir
Karl Bartels
Kristinn Jón Bjarnason
Tryggvi Rúnarsson
og fleiri

Umbrot:
Kristinn Jón Bjarnason

Ábyrgðarmaður:
Berglind Stefánsdóttir

Prentun:
Prentsmiðjan Gutenberg

Upplag:
1.200 eintök

**Félag heyrnarlausra
á aðild að:**
Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ)
World Federation of the Deaf,
(Alheimssamband
heyrnarlausra) WFD
Dövas Nordiska Råd
(Norðurlandaráð
heyrnarlausra) DNR
European Union of the Deaf
(Evrópusamband
heyrnarlausra) EUD

**Stjórn Félags
heyrnarlausra:**
Formaður:
Berglind Stefánsdóttir
Varaformaður:
Júlía G. Hreinsdóttir
Meðstjórnendur:
Anna Jóna Lárusdóttir
Hjördís Anna Haraldsdóttir
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:
Kristinn Jón Bjarnason

ISSN: 1670-6013

04

Tók sum háskólafögin heima vegna túlkaskorts

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir segir frá skólagöngu sinni og hindrunum sem urðu á vegi hennar vegna þess að hún er heyrnarlaus

09

Döfsmót sumarið 2005

Sagt frá Döfsmóttinu í Skorradal sl. sumar í máli og myndum

11

Flokkun táknmálstúlka á Íslandi ?

HART - Félag háskólamenntaðra táknmálstúlka

12

Menntun heyrnarlausra í ýmsum löndum

Hjördís A. Haraldsdóttir segir frá fjölþjóðaverkefni og þátttöku Íslendinga í Svíþjóð vorið 2005

14

Íslenskur keppandi á Ólympíuleikum heyrnarlausra

Ragna Guðrún Magnúsdóttir fór til Ástralíu til að taka þátt í Ólympíuleikum heyrnarlausra í keilu

15

Ort í skýin

Ljóðrænt táknmál og ljóðagerð eftir Kristínu Th. Þórarinsdóttur

16

Sjónarhorn túlkanotenda

Þórný Björk Jakobsdóttir segir frá BA ritgerð sinni sem fjallar um hvað heyrnarlausum finnst mikilvægast í táknmálstúlkun

17

Norrænt mót aldraðra heyrnarlausra í Þrándheimi í Noregi

Svipmyndir frá móti aldraðra sem fram fór í Noregi í ágúst 2005

18

Árshátíð Félags heyrnarlausra 2005

Nokkrar svipmyndir frá árshátíðinni 17. september 2005

20

Félagsmenn í Félagi heyrnarlausra mótmæla við Alþingi

Rifjað upp í máli og myndum þegar neyðarástand skapaðist í túlkamálum haustið 2004

22

Nafnatákn í táknmáli

Rannsókn á íslenskum nafnatáknum eftir Soffíu Ámundadóttur

26

Ferð á svæði Himba í Opuwu í Namibíu

Jóhanna Þorvaldsdóttir segir frá ferðalagi sínu í Afríku

Gæði táknmálstúlka

eftir Berglind Stefánsdóttur, formann Félags heyrnarlausra

Stundum er sagt að heimurinn hafi minnkað, skropið saman. Hvað okkur heyrnarlausar varðar eru þetta orð að sönnu. Ekki fyrir svo löngu síðan einkenndu hindranir og einangrun samfélag okkar en með tilkomu tækninnar og táknmálstúlka opnaðist okkur aðgengi að samfélaginu.

Þar sem ég er aðili að Norðurland- og Evrópusamvinnu sé ég hvað við stöndumst vel samanburðinn, við hér á Íslandi. Eftir margra ára málstefnu, sem hamlaði okkur, er nú komið opið samfélag þar sem táknmálið blómstrar. Eðlilega má finna lönd sem standa okkur framur og einnig okkur að baki en munurinn er ekki umtalsverður. Menntun innan samfélags heyrnarlausra er fjölbreyttari.

Kennsluréttindin voru einna vinsælust hér á árum áður en erlendis sækja æ fleiri heyrnarlausir í lögfræðimenntun. Enda lögfræðin sú menntun sem nýtist okkur einna best til að berjast fyrir réttindum okkar. Orðin ein og sér eru ekki nægjanleg til að tryggja réttindi, lagabókstafurinn verður að vera fyrir hendi, skýr og skilmerkilegur.

Eins og fyrr hefur verið sagt er staða okkar viðunandi að vissu marki. Áður fyrr fór meiri tími í spjall og bingó en nú í dag eru baráttumálin sett á oddinn. Þetta er af hinu góða, við höfum meira val, getum menntast og náð



Berglind Stefánsdóttir

lengra í samfélaginu. Í dag erum við hluti af samfélaginu. Líf okkar hefur tekið miklum breytingum frá því sem var. Þetta gerir eðlilega meiri kröfur til okkar en einnig auknar kröfur til samfélagsins. Þetta vekur upp margar spurningar. Getur verið að túlkabjónustan hafi setið á hakanum. Nýútskrifaðir túlkarnir hafi ef til vill ekki nægjanlega hæfni til að raddtúlka, til að túlka milli tveggja mála. Það vakti athygli mína þegar ég horfði á þátt í danska sjónvarpinu þar sem þarlendur túlkakennari var að lýsa hæfni nýútskrifaðra danskra túlka. Eftir útskrift geta túlkarnir túlkað léttari fög í Háskóla, nokkuð sem íslenskir táknmáltúlkar eru ekki færir um. Hverju sætir? Ef til vill er þriggja ára BA nám ekki nógu öflugt nám til að túlkarnir geti tekist á við túlkun í mismunandi aðstæðum. Við erum ekki einsleitir hópur, við höfum ekki öll

sömu áhugamál og áherslur. Við erum hluti af hinu stóra samfélagi. Sem þegar þjóðfélagsins sinnum við lífi okkar og starfi á ýmsum vettvangi, við erum í hlutverki foreldra, starfsmanna o.s.frv. Ýmsar aðstæður krefjast túlkunar, svo sem foreldraviðtöl, læknaheimsóknir og starfsmannafundir.

Samfélag heyrnarlausra var afar þakklátt þegar fyrsti túlkahópurinn útskrifaðist og tók til starfa, líkt og gerist þegar nýjar starfstéttir verða til, sem létta okkur lífið á einhvern hátt. Í dag stöndum við á tímamótum, að sjálfsögðu erum við mjög ánægð með aðgengi að túlkabjónustu en gerum auknar kröfur. Jafnframt því sem kröfurnar aukast til okkar gerum við einnig kröfur til annarra og meðal annars táknmálstúlka. Við þurfum nú að fara að skoða gæði túlkunarinnar. Ef til vill er

kominn tími og þörf á tilboði um endurmenntun. Í Bandaríkjunum eru túlkarnir flokkaðir eftir ákveðnu kerfi eftir hæfni og getu. Ef til vill er erfitt að krefjast sérhæfingar innan hópsins vegna fámennis en endurbóta er þörf. Ég veit að innan túlkabjónustanna er ákveðið mat á hæfni túlkanna en vænlegra væri að fá til þess hlutlausar aðila. Túlkar ættu að geta sótt sér endurmenntun, og ákveðna sérhæfingu, reglulega. Heyrnarlausir eru í auknum mæli í samstarfi við útlönd og kæmi því vel til greina að bjóða túlkum nám til að auka færni í túlkun af og á þriðja mál. Raddtúlkun mætti efla, svo eitthvað sé nefnt. Spurning er hvort unnt væri að bæta við námið í háskólanum með það í huga að auka færni. Túlkarnir eru lykillinn að aðgengi okkar að samfélaginu, við getum ekki án þeirra verið. Nú er rétti tíminn til að skoða gæðin nánar og sjá hvað gera má betur. Það er brýnt að túlkabjónustan sé samstíga okkur í samfélaginu, til að við getum tekið þátt í samfélagsbreytingum og þróun, samhliða aukinni menntun. Að öðrum kosti drögumst við aftur úr.

Tók sum háskólafögin heima vegna túlkaskorts

Viðtalið tók Eva Hrönn Stefánsdóttir

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir fæddist heyrandi en missti heyrnina tveggja mánaða gömul

Var mjög fegin þegar ég hóf nám í skóla heyrnarlausra

“Ef ég mætti ráða hvort ég vildi fá heyrnina svara ég því neitandi, ég vil ekki vera heyrandi.”

Það eru margir sem halda að það sé ekki hægt að tala við mig nema í gegnum túlk



Heiðdís Dögg Eiríksdóttir

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir fæddist heyrandi en tveggja mánaða gömul fékk hún vírus sem varð til þess að hún missti heyrnina. „Ég var mikið heyrnarskert þegar ég var lítil en heyrnin fór alveg á unglingsárunum“. Heiðdís talar skýrt og skilur vel þegar horft er framan í hana og talað er við hana á íslensku. „Margir misskilja þetta og halda að ég sé því heyrnarskert en ekki heyrnarlaus. Ég get ekki notað síma, hlustað á tónlist og sjónvarpið“.

„Já það eru margir sem spyrja mig að þessu, ég veit sjálf ekki alveg hvernig þetta er. Ég fæddist fyrir norðan, bjó þar og bara varð að læra

að gera mig skiljanlega. Ég talaði samt ekkert voðalega vel sem barn. Þeir sem þekktu mig vel, fjölskylda mín og vinir skildu mig en svo lagaðist þetta meðaldrinum. Ég gat alltaf lesið af vörum strax pínulítill, það var samt stundum erfitt, þegar maður var þreyttur á kvöldin og viðkvæmur eftir að hafa einbeitt sér allan daginn af að lesa af vörum. Á þessum tíma þekkti ég ekki annað, ég kundi ekki táknmál þá. Ég lærði ekki almennilega táknmál fyrr en ég flutti og fjölskylda mín ekki heldur, enginn heyrnarlaus var í kringum mig. En þegar ég var lítil fórum við suður í Heyrnleysingjaskólann í

heimsókn í tvær vikur hvern vetur svo að skólinn gæti fylgst með hvar ég stæði í náminu. Á þessum tíma vorum við nokkur heyrnarlaus börn úti á landi og okkur var safnað saman meðan verið var að meta hvar við værum stödd.“

Villingur skilinn eftir útan

Hvernig var að vera í skóla þar sem allir voru heyrandi? „Ef ég á að segja satt þá man ég voða lítið eftir þessu, mér fannst ekki alltaf gaman í skólanum, ég fór bara í skólann til að læra og dreif mig svo heim aftur. Minningarnar eru ekki skýrar en foreldrar mínir hafa sagt

mér að ég hafi staðið mig vel í skólanum. Ég var oft með þeim hæstu í bekknum til að byrja með en svo lækkaði ég með aldrinum þegar kennslustundirnar fóru að snúast meira um umræður o.s.frv.

Þegar ég byrjaði í skólanum voru sumir foreldrar á móti því. Ég þótti hálfgerður villingur og þeir voru hræddir um að ég hefði slæm áhrif á hina krakkana. En sem betur fer tók skólastjórinn það ekki í mál. Hann sagði bara: „Heiðís kemur í skólann, þið ráðið hvað þið gerið við ykkar börn.“ Það getur vel verið að ég hafi verið villingur, það hefur örugglega tengst því að geta ekki verið með í öllu, söngtímum, tónlistartímum og samræðum innan hópsins, það er erfitt að finna stöðugt fyrir því að maður hefur helst úr lestinni. Þá gat ég orðið pirruð og þreytt. Ef tók upp á að gera eitthvað hefur það verið til að fá athygli.

Mamma sagði mér frá nokkru sem gerðist þegar ég var 7 ára en þá var alltaf mikil hátíð í skólanum á sumardaginn fyrsta og fyrir hátíðina hittist bekkurinn og var að æfa söng. Ég man að krakkarnir voru að fara á æfingu og ég ætlaði að sjálfsögðu að fara með en tónlistakennarinn bað mig um að fara, ég gæti ekki sungið og gæti því ekki verið með. Mér fannst þetta svo sárt að ég fór hágrátandi heim. Þá fann ég að ég var ekki eins og þau. Ég skildi ekki af hverju ég mátti ekki vera með. Ég var ekki mikið að velta fyrir mér heyrnarleysinu á þessum tíma, en þarna fór það að koma. Tilfinningin að ég væri öðruvísi og ein í heiminum.”

Táknmálinu tekið fegins hendi

Heiðís var mjög fegin þegar hún að lokum flutti til Reykjavíkur og hóf nám í skóla heyrnarlausra.



Heiðís ásamt manni sínu, Arnar í Ægissyni á Degi heyrnarlausra 2003

Heiðís ásamt manni sínu, Arnar í Ægissyni á Degi heyrnarlausra 2003

„Lengi vel hélt ég að ég væri sú eina sem væri svona. Jafnvel þó að ég væri búin að koma í heimsóknir í skólann í tvær vikur á vetri og sjá að þar töluðu krakkarnir táknmál. Mér fannst ég vera mitt á milli, ekki heyrnarlaus og ekki heyrandi. Ég vissi ekki hvar ég stóð. Þegar foreldrar mínir ákváðu að flytja, mótmælti ég því ekki, ég var bara fegin að fara eitthvað annað. Ég man eftir fyrsta skóladeginum. Þegar ég labbaði inn og sá krakkana með hendur á lofti, ég vissi ekkert hvað þetta var, vissi ekki að þetta væri mál eins og íslenska, að þau væru að tala saman. Eftir nokkrar vikur var ég þó mjög ánægð að vera með þeim og ég var mjög fljót að ná táknmálinu. Ég flutti ein fyrst, svo fluttu foreldrar mínir nokkrum mánuðum á eftir og ég segi

oft að það hafi verið það besta sem að þau hefðu getað gert fyrir mig. Ég veit ekki hvað hefði orðið um mig ef ég hefði verið áfram fyrir norðan.”

Fjölskylda Heiðísar talar ekki táknmál nema ein systir hennar sem hefur farið á nokkur táknmálsnámskeið. Heiðís telur þó mjög mikilvægt að foreldrar heyrnarlausra barna læri táknmál. „Ef ég mætti breyta einhverju vildi ég að öll fjölskylda mín talaði táknmál. Þó að ég geti talað þá vildi ég samt að fjölskyldan væri fljúgandi fær á táknmáli. Ég get ekki breytt því núna en vona að aðrar fjölskyldur sem eiga heyrnarlaus börn læri táknmálið því þó að barnið tali þá er táknmálið mjög mikilvægt.”

“Vinahópur minn er heyrnarlaus og maðurinn minn er heyrnarlaus og þess vegna er ég enn að

hoppa á milli tveggja heima. Mér finnst það dálítið þreytandi, með aldrinum

hefur það aukist að þegar stórfjölskyldan hittist í mat þá kem ég og er með í smátíma og svo er ég fljótt tilbúin að fara. Samskiptin eru mjög góð hjá fjölskyldunni en það getur verið erfitt þegar eru svona margir í einu á sama stað. Áður var ég dugleg að segja „hvað“, „hvað eru þið að tala um“, en núna nenni ég þessu ekki lengur og ég á mér annað athvarf, en það er maður minn og vinir mínir sem tala táknmál.”

Túlkur í skólanum, varalestur í vinnunni

Heiðís tók samræmdu prófin í skóla heyrnarlausra en fór svo í MH og gekk ágætlega í náminu en átti erfiðara með að fóta sig í félagslífinu til að byrja með.

„Fyrsta árið var ég mikið ein, þekkti engan og var dálítið lokuð.

Ég fann ekki alveg hvar ég ætti að vera, þannig að ég var oft á bókasafninu, á göngunum eða í stofunum þar til næsti tími byrjaði. Það var erfitt að kynna fólki og fólk örugglega hrætt líka, vissi ekki hvort eða hvernig var hægt að tala við mig. Þetta var bara svona. Árið eftir byrjuðu nokkrir heyrnarlausir í skólanum, við fundum okkur borð og það var miklu skemmtilegra, þá hlakkaði ég til að fara í frímínúturnar og hitta þau. Ég kláraði MH en á öllum þeim tíma kynntist ég einni stelpu og það var bara vegna þess að hún byrjaði að tala við mig, ég var ekki nógu dugleg að reyna að kynna fólki en hún bara þindi mig til að kynna sér.

Ég vann líka rosalega mikið með MH, minnst 40%, ég var að kaupa mér íbúð. Síðustu misserin var ég líka mikið í kvöldskóla, ekki mikið í félagslífinu, aldrei í nemendafélaginu og fór bara á nokkur skólaböll ef aðrir heyrnarlausir fóru.”

Heiðdís vann í fyrstu á sambýli fyrir fatlaða og fékk þá vinnu því einn af vistmönnum notaði tákni með tali en fljótlega var hún farin að ganga í öll störf. Hún segir að samskiptin við vinnufélagana hafi þó verið frekar yfirborðsleg. “Ég var bara alltaf að vinna, ég var ekki mikið fyrir að setjast niður í eldhúsinu og tala við fólk því ég náði ekki umræðuefninu þegar þau voru að tala. En samt var fólk mjög duglegt að horfa framan í mig og segja, við erum að tala um „þetta“ þannig að ef eitthvað hafði gerst um helgina gat ég vel verið með. Svona var þetta fyrst, en svo nokkru seinna þá skipti ég um vinnuhelgi og fór að vinna með öðru fólk, þá var þetta miklu skemmtilegra og ég var meira með í umræðunni. Þau voru mjög dugleg að horfa framan í mig á meðan



Á Döfsmóti 2005

þau töluðu við mig og leyfa mér að fylgjast með. Stundum var maður samt dálítið þreyttur á því að lesa svona mikið af vörum.”

Heiðdís þurfti þó ekki að eyða orku sinni í að lesa af vörum í MH því þar var hún með túlk með sér en því fylgdu þó ýmis vandkvæði.

“Mér fannst leiðinlegt þegar mig langaði til að taka ákveðin fög en það var ekki alltaf hægt vegna þess að það vantaði túlk og þá kom fyrir að ég þurfti að bíða með það þar til á næstu önn. Ég gat ekki alveg stjórnað þessu sjálf. En ég vona að þetta verði betra eftir því sem fleiri útskrifast. Samt fannst mér leiðinlegt að geta ekki verið eins og aðrir nemendur sem gátu sagt: ég ætla að taka þetta og þetta... Ég þurfti að velja mér, athuga svo hvort að túlkurinn gæti tekið verkefnið að sér, annars að breyta og svo framvegis.”

Knúin áfram af námslánunum

Eftir stúdentspróf fór Heiðdís í Háskóla Íslands og ákvað að byrja í læknisfræði

„Þegar ég var að klára MH var ég ekki alveg viss hvað ég vildi gera, mig langaði alltaf að verða lækni, ég var svo forvitin um mannslíkamann. Mamma sagði að ég hefði engu að tapa þannig að ég ákvað að prófa, sló til og fór í læknisfræði og fékk túlk. Þetta var mjög skemmtileg önn, en svo fann ég að þetta var ekki rétt val, mér fannst þetta einhæft og vildi vinna meira með fólk. Þannig að ég hætti í læknisfræðinni og fór að vinna aftur.”

Heiðdís sótti um í geislafræði í Tækniháskólanum og um hjúkrunarfræði til öryggis en vegna misskilnings endaði hún í hjúkrunarfræði án túlks.

„Þetta var alveg ömurlegt! Tilfinningin að vita að ég fengi ekki túlk og búin að segja upp vinnunni því ég gerði ráð fyrir að fara í Háskólann og ætlaði ekki að vinna með skólanum. Svo

sagði fjölskylda mín að ég gæti þetta ef ég vildi og myndi bara læra heima. Ég ákvað að prófa það og mætti alla fyrstu vikuna til að sjá kennarana og nemendurna, þetta voru þá svona 150 til 160 nemendur og ég lærði heima, fékk glósur hjá stelpu í bekknum og þetta var allt í lausu lofti. En ég hafði tekið námslán og til að fá námslánin greidd þá varð ég að ná prófunum. Það var bara það sem knúði mig áfram, bara námslánin, ég hugsaði svo þegar nær dró prófunum að ég væri líklega að detta út. Ég ákvað að einbeita mér alveg að 3 fögum til að fá meira greitt af námslánunum. Svo kom mér á óvart að það munaði litlu að ég hefði náð. Ef ég hefði lesið aðeins meira í líffærafræðinni, sem ég skráði mig úr, þá hugsa ég að ég hefði komist inn. Og ég tala nú ekki um ef ég hefði fengið tákna máltúlk.

Ég fór að vinna og ákvað að reyna aftur næsta haust. Þá voru 260 nemendur og ég fékk túlk. Ég ákvað að fá bara túlk í tveimur fögum, efnarfræði og líffærafræði og lesa sjálf heima félagsfræði og sálfræði. Það kom mér á óvart þegar ég sat í tímum í líffærafræði, að maður hefði grætt heimikið á því að sitja í tímum, kennarinn kom með ýmsar upplýsingar um hvað væri óþarfi að lesa og hvað væri mikilvægt að lesa. Þessar upplýsingar fékk ég ekki árið áður, svo þá las ég bara allt, vissi ekki hvernig prófin yrðu byggð upp eða hvað. Kennararnir luma á ýmsu. Þegar maður er að byrja í Háskólanum þá veit maður ekki alveg hvað og hvernig maður á að lesa. Það skiptir miklu máli að hafa túlk í tímanum og ekki lesa eingöngu heima.

Fjöldinn var mikill, það komust bara um 70 nemendur áfram og ég var búin að útiloka þetta en mig langaði samt að reyna, tók prófin og ætlaði bara að skrá mig í mannfræði en þá kom í ljós að ég komst

áfram. Niðurstöðurnar lágu fyrir á föstudegi og skólinn byrjaði á mánudegi, þannig að þetta var mjög stuttur tími fyrir mig og túlkinn.”

Oft best að þegja

Heiðdís segir að allir grínist mikið með það hvort túlkurinn sé ekki að læra mikið og geti útskrifast sem hjúkrunarfræðingur um leið og hún sjálf, en svoleiðis er það nú ekki. Flest gengur vel í skólanum en hún vildi gjarnan kynna bekkjarfélögunum betur. „Þegar í ljós kom að ég kæmist inn fór ég að hugsa um að þetta væri 70 manna bekkur og við yrðum alveg saman næstu árin og þá ákvað ég að ég vildi reyna að kynna þeim. Ég hef alltaf verið lokuð og hrædd um að misskilja fólk, gera eitthvað vitlaust þegar fólk er að tala saman og ég er að lesa af vörum. Þess vegna finnst mér oft bara best að þegja. En þegar ég vissi að ég myndi verða með í hópnum ákvað ég að reyna að kynna fólkinu, núna er ég á þriðja ári og hef ekki kynnst neinum mjög vel, ég er alltaf að fresta þessu, þetta er erfitt. Það eru margir sem halda að það sé ekki hægt að tala við mig nema í gegnum túlk.”

Túlkurinn er ekki með Heiðdís milli tíma sem væri þó mjög gagnlegt og skemmtilegt fyrir hana. „Túlkurinn þarf að fá frí en stundum er hann með og segir mér. Ef til dæmis eru heitar umræður um námsefnið, hvað það er flókið eða verkefni sem er í vendum er frekar óskiljanlegt þá finn ég að ég er ekki alveg ein í þessu. Mér finnst mjög gaman að geta fylgst líka með skoðunum annarra nemenda á náminu.”

Það væri rosa gott ef ég gæti fengið túlk til að túlka fyrirlestrana og svo túlk til að túlka umræðurnar sem fara fram í kringum mig. Það væri alger draumur. Líka í



Á Degi heyrnarlausra 2003

vísindaferðir, fyrirtækjaheimsóknir og slíkt væri voða gaman að hafa túlk með. En það er alltaf spurning hver á að borga þetta. Vantar túlk, vantar peninga. Svona hefur þetta verið í mörg ár. Það endar með því að maður nennir ekki að athuga málið.”

Opin fyrir öllu og nóg að gera

Heiðdís er ánægð með hjúkrunarnámið og veit ekki nákvæmlega hvað hún ætlar að gera eftir að námi lýkur.

„Það er teymi sem vinnur með mér til þess að gera mér þetta kleift og mér finnst það gott, við hittumst þó bara í fyrstu en höfum ekki hist núna lengi og þá get ég sagt hvað mér finnst hindrandi og þau reyna að leysa málin, allir eru jákvæðir og kennararnir líka. Ég hef reyndar ekki hitt teymið í eitt ár núna.

Það er rosalega margt hægt að gera við hjúkrun, námið er mjög skemmtilegt og

starfið líka, það er fjölbreytt, mikið unnið með fólki og þetta hentar mér vel. Ég er búin að horfa dálítið til geðhjúkrunar og finnst það spennandi. Svo vil ég reyna að nota námið til að vinna með heyrnarlausum, þó ekki eingöngu, ég vil líka vinna með heyrandi fólki. Vonandi fæ ég tækifæri seinna til að fara til útlanda því það eru til deildir erlendis sem eru ætlaðar heyrnarlausum. Ég vil líka nota hjúkrunina til að vinna að rannsóknnum meðal heyrnarlausra. Meta heilsu, lífsstíl og fleira. Ég tek bara einn dag í einu. Þegar ég var í grunnskóla var ég ekkert ákveðin í að fara í háskóla. Ég er opin fyrir öllu.”

Heiðdís er sannfærð um að henni hefði aldrei gengið svona vel í námi ef hún hefði ekki kunnað tákna og að táknaálstúlkun hafi breytt miklu fyrir heyrnarlausum og heyrnarskerta.

„Mér finnst samt ekki rétt að segja að þetta og hitt sé með aðstoð túlks, það

verður aðeins að skoða hvernig skilaboð þetta eru. Betra er að segja að túlkur sé á staðnum. Til dæmis í vor þegar önnin var að klárast þá var ein stelpa sem hélt að túlkurinn væri

aðalmálið, ég sagði: „Get ég fengið að ljósrita?“ Þá hélt hún að túlkurinn væri að biðja um að fá að ljósrita. Og sagði: „Mikið ertu heppin að hafa túlk sem að sér um þetta fyrir þig.“ Þá sá ég að þetta er mikill misskilningur, svona er þetta auðvitað ekki. Eins ef túlkurinn missir af einhverju í tíma og biður kennarann að endurtaka setninguna. Þá kemur fyrir að allir horfa á mig og halda að ég hafi verið að segja þetta. Það vita ekki allir hvað túlkurinn er að gera. Hann túlkar bara. Þetta er auðvitað upplýsingaskortur, ég verð líka að sýna þolinmæði og leyfa þeim að fræðast um þetta.”

Heiðdís hefur gengið vel með flest sem hún tekur sér fyrir hendur og er ákveðin og dugleg ung kona sem er sátt við líf sitt og hún kveður okkur með þessum orðum.

„Margir hafa spurt mig, ef ég mætti ráða hvort ég vildi fá heyrnina ég svara því neitandi, ég vil ekki vera heyrandi. Það komu jú tímar þegar ég var unglingur að ég vildi að ég væri heyrandi og var eitthvað ósátt við að vera heyrnarlaus, en með aldrinum og aukinni þekkingu er ég fullkomlega sátt. Það koma auðvitað dagar sem ég er þreytt, en það líður hjá. Umræður um hvort kuðungsgræðsla væri eitthvað fyrir mig hafa endað á því að mér finnst það ekki og fjölskyldan mín virðir það, þau sjá hvað ég er ánægð og gengur vel. Það er nóg að gera.”



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Morgunblaðið

VR

Lyf & heilsa



KB BANKI

NORDURMJÓLK

Línuhönnun
verkfræðistofa
...á vit góðra verka



Heyrnartækni

Bilanaúst

spron
– fyrir allt sem þú ert

Orkuveita
Reykjavíkur

GLERBORG
Dalshrauni 5 220 Hafnarfirði Sími 565 0000

olis

vistor

Döffmótið heppnaðist mjög vel

Myndir og frásögn: Kristinn Jón Bjarnason

Heyrnarlausir hittust á Döffmóti í Skátafelli helgina 1. -3. júlí 2005 og tókst mótið mjög vel. Undirbúningur mótsins var í höndum Döffmóts-nefndar og færir Félag heyrnarlausra þeim bestu þakkir fyrir gott framtak og frábært vinnuframlag. Ýmislegt var á dagskránni, ræður, óvæntar upptökur, leikir, sprell, sund, grill, kvöldskemmtun og varðeldur. Allt fór vel fram í ágætis veðri og fallegu umhverfi. Aðstaða Skátafélags Akraness er góð og allir sem mættu skemmtu sér vel. Hér eru nokkrar myndir frá Döffmótinu.



EFTIRTALIN FYRIRTÆKI STYRKJA FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Reykjavík:

A. Wendel ehf, Sóltúni 1
 Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10
 Ágir, seglagerð, Eyjarlóð 7
 Álnabær hf,
 vefnaðarvörverslun
 Tjarnargötu 17 Kefl, og
 Síðumúla 32 Rvík
 Alþýðusamband Íslands,
 www.asi.is, Sætúni 1
 Andrés, fataverslun,
 Skólavörðustíg 22a
 Árbæjarapótek ehf,
 Hraunbæ 102b
 Argos ehf - Arkitektastofa
 Grétars og Stefáns, Eyjarljóð 9
 Arkis ehf, Aðalstræti 6
 Arkitektastofan ehf, Sóltúni 1, 2h
 Árni Reynisson ehf, Túngötu 5
 ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
 Augað, gleraugnaverslun,
 Kringlunni og Spönginni
 Bako ehf, Lynghálsi 7
 Betra líf ehf, Kringlunni 8
 Bifreiðaverkstæði H.P.,
 Hamarshöfða 6
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílamálun Halldórs P
 Nikulássonar, Funahöfða 3
 Bílamálun Sigursveins
 Sigurðssonar, Skipasundi 80
 Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
 Bílastillingar Björns Steffensen,
 Hamarshöfða 6
 Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
 Björgun ehf, Sævarhöfða 33
 Bókhaldsþjónusta Gunnars M
 sf, Ármúla 1
 Borgarblöð ehf, Vesturgötu 15
 Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
 Danica sjávarafurðir ehf,
 Laugavegi 44
 Davíð S Jónsson og Co ehf,
 Skútuvogi 13a
 Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 Effect hársnyrtistofa,
 Bergstaðastræti 10a
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Efnalaug Árbæjar ehf,
 Hraunbæ 102
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
 Einingaverksmiðjan ehf,
 Breiðhöfða 10
 Einrúm ehf, Gláðheimum 20
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 Epal hf, Skeifunni 6
 Ernst & Young hf, Ármúla 6
 Fagtún ehf, Brautarholti 8
 Færeyska sjómannaheimilið,
 Brautarholti 29
 Fasteignasalan Fasteign.is ehf,
 Borgartúni 22
 Fasteignasalan Garður ehf,
 Skipholti 5
 Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
 Tryggvagötu 17
 Félag íslenskra
 hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
 Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
 Feró ehf, Steinasel 6
 Ferskar kjötvörur hf, Síðumúla 34
 Fjárfestingafélagið Gaumur ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Fjármál heimilanna ehf,

Sundagörðum 2
 Fjármálaeftirlitið,
 Suðurlandsbraut 32
 Fjölbautaskólinn við Ármúla,
 Ármúla 14
 FK Sigurðsson ehf, Hlaðhömrum 17
 Fönix ehf, heimilistækjaverslun,
 Hátúni 6a
 Fólksbílaland ehf, Bildshöfða 18
 Framsóknarflokkurinn,
 Hverfisgötu 33
 Fröken Júlía ehf, Mjódd
 Fullorðinsfræðsla fatlaðra,
 Borgartúni 22
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14
 Gæðafæði ehf, Bildshöfða 14
 Gallabuxnabúðin Kringlunni,
 Kringlunni 4-12
 GB Tjónaviðgerðir ehf,
 Draghálsi 8
 Gissur og Pálmi ehf,
 byggingaverktaki, Álfabakka 14a
 Gjúgur hf, Kringlunni 7
 Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
 GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
 Grænn kostur ehf,
 Skólavörðustíg 8
 Gró ehf, Skútuvogi 10b
 Guðmundur Jónsson ehf,
 Borgartúni 34
 Guðrún Óladóttir, reikimeistari,
 Tungubakka 28
 Hafgæði sf, Fiskilóð 47
 Hafsúlan, hvalaskoðunar- og
 skemmtiferðaskip,
 Reykjavíkurbörn
 Handlæknastöðin ehf,
 Álfheimum 74
 Hárbær, hársnyrtistofa,
 Laugavegi 168
 Hárgreiðslustofa Höllu
 Magnúsdóttur, Miðleiti 7
 Háskólafljörir ehf, Fálkagötu 2
 Heimilisprýði ehf, Hallarmúla 1
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Höfði fasteignamiðlun ehf,
 Suðurlandsbraut 20, og
 Bæjarhrauni 22
 Hönnun hf, Grensásvegi 1
 Hótel Fönix, Laugavegi 140
 Hrafnista, dvalarheimili aldraðra,
 Hafnarfirði og Reykjavík
 Hreyfimyndasmíðjan ehf,
 Garðsenda 21
 Hringisjá, starfsþjálfun fatlaðra,
 Hátúni 10b
 Hús og ráðgjöf ehf, Skúlagötu 63
 Húsakaup ehf, Suðurlandsbraut 52
 Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
 Húsun ehf, Hamarshöfða 6
 IMG þekkingarskópun hf,
 Laugavegi 170
 Innheimtustofnun sveitarfélaga,
 Lág múla 9
 Internet á Íslandi hf, Dunhaga 5
 Íslandsbanki hf, Stórhöfða 17
 Ísleifur Jónsson ehf, Bolholti 4
 Íslenska auglýsingastofan,
 Laufásvegi 49-51
 Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf,
 Bildshöfða 12
 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
 Jón & Óskar, Laugavegi 61
 Kandís, heildverslun, Borgartúni 29

Kaþólska kirkjan á Íslandi,
 Hávallagötu 14-16
 Kemhydrosalan ehf,
 Snorrabraut 87
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Knattspyrnufélagið Víkingur,
 Traðarlandi 1
 Knattspyrnusamband Íslands,
 Laugardal
 Kóráll sf, Vesturgötu 55
 Kr. Þorvaldsson & Co ehf,
 Sundaborg 9
 Krónos ehf, Laugavegi 26
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
 Lífstykkiþjónustan ehf, Laugavegi 4
 List og saga ehf, Engjasetti 41
 Lögmenn Hafnarstræti 20 ehf,
 Hafnarstræti 20
 Lögreglustjórnin í Reykjavík,
 Hverfisgötu 115
 Löndun ehf, Kjalarvogi 21
 Lyfjaval ehf, Þönglabakka 6
 Lýsing hf, Suðurlandsbraut 22
 Málmsteypa Ámunda
 Sigurðssonar, Skipholti 23
 Menntaskólinn við Hamrahlíð,
 Hamrahlíð 10
 Núi-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
 Nonnabiti, Hafnarstræti 11
 NorðNorðVestur Kvikmyndagerð
 ehf, Viðarhöfða 6
 NOW VÍTAMÍN,
 Nýja teiknistofan ehf, Síðumúla 20
 Nýsköpunarsjóður
 atvinnulífsins, Borgartúni 35
 Oddgeir Gylfason, tannlæknir,
 Síðumúla 28
 Ögurvík hf, Týsgötu 1
 Örninn ehf, Skeifunni 11
 Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Ottó auglýsingastofa ehf,
 Síðumúla 22
 Pixlar ehf, Suðurlandsbraut 52
 Plastco ehf, Skútuvogi 10c
 Plús Film ehf, Laugavegi 178
 Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b
 Port-verslunarfélag ehf,
 Stórhöfða 15
 Prentlausnir ehf, Síðumúla 23
 Rafeindaiðjan, verkstæði,
 Tangarhöfða 2
 Rafmagnsveitur ríkisins,
 Rauðarárstíg 10
 Rafmiðlun ehf, Dugguvogi 2
 Raförninn ehf, Suðurlíð 35
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Raftæknistofan hf, Grensásvegi 3
 Raftækniþjónusta Trausta ehf,
 Síðumúla 1
 Raftíðni ehf, Eyjarlóð 3
 Rafvirkjaþjónustan ehf,
 Torfufelli 11
 Réttingaverkstæði Bjarna og
 Gunnars ehf, Bildshöfða 14
 Reykjavík ehf,
 Síðumúla 14, 2. hæð
 Rikki Chan, veitingasala,
 Kringlunni og Smáratorgi
 Rögn, heildverslun, Ármúla 17a
 Rolf Johansen & Co ehf,
 Skútuvogi 10a
 S.B.S. innréttingar, trésmiðja,
 Hyrjarhöfða 3

Saga Film hf, Laugavegi 176
 Samband íslenskra
 bankamanna, Nethyl 2
 Sætoppur ehf, Eyjarlóð 7
 Securitas hf, Síðumúla 23
 Seljakirkja, Hagaseli 40
 SFR stéttarfélag í
 almannaþjónustu, Grettisgötu 89
 SíBS, Síðumúla 6
 Sjúkraþjálfun Grafarvogs ehf,
 Spönginni 37
 Skóverslunin Bossanova,
 Kringlan 8-12
 Skúlason og Jónsson ehf,
 Skútuvogi 12h
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Snyrtisetrið ehf,
 húðfegurastofa, Domus
 Medica Egilsgötu 3
 Sökkull ehf, Funahöfða 9
 Söluturninn Múli,
 Suðurlandsbraut 26
 SORPA, Gufunesi
 Sprinkler pípuþjónustur ehf,
 Bildshöfða 18
 Starfsgreinasamband Íslands,
 Sætúni 1
 Stilling ehf, Kletthálsi 5
 Stilling sf Dýri Guðmundsson
 endurskoðandi, Grensásvegi 16
 Stofnun Sigurðar Nordals,
 Þingholtsstræti 29
 Subway ehf, Austurstræti 3
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Svefn og heilsa ehf,
 Engjateigi 17-19
 Sveinsbakari, Arnarbakka 4-6
 T.V. ehf tækniþjónusta og
 verktaur, Síðuseli 5
 Talnakönnun hf, Borgartúni 23
 Tandur hf, Hesthálsi 12
 Tannlæknastofa Ástu B
 Thoroddsen,
 Tannlæknastofa Björns
 Þorvaldssonar, Síðumúla 25
 Tannlæknastofa Guðrúnar
 Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
 Tannlæknastofa Hauks
 Þorsteinssonar, Óðinsgötu 4
 Tannlæknastofa Kjartans Arnars
 Þorgeirssonar, Skipholti 33
 Tannsmiðaverkstæðið ehf,
 Síðumúla 29
 TARK - Teiknistofan ehf,
 Brautarholti 6
 TCN alþjóðainnheimta,
 Ingólfsstræti 3
 Teiknivangur, teiknistofa,
 Kleppsmýrarvegi 8
 Teymi ehf, Ármúla 2
 Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
 Þórir J Einarsson ehf, Skaftahlíð 38
 Þrif og þvottur ehf,
 Reykjavíkurvegi 48
 Þroskahjálpar, landssamtök,
 Háaleitisbraut 13
 Þúsend þjalir ehf,
 umboðsskrifstofa listamanna,
 Urdarstíg 4
 Þýðingþjónusta Boga Arnars,
 Engjasetti 43
 Timor ehf, Réttarhálsi 2
 Tölvar ehf, Síðumúla 1
 Toppúsið, fataverslun,
 Mörkinni 6

Flokkun táknmálstúlka á Íslandi?

frá HART - Félagi háskólamenntaðra táknmálstúlka

Fyrir nokkru síðan fór af stað umræða hjá Félagi heyrnarlausra um flokkun (eða stígun) túlka á Íslandi. Fagleg umræða um starf okkar táknmálstúlka er af hinu góða og því viljum við nefna nokkur atriði varðandi þetta mál.

Fyrirmyndin að flokkun táknmálstúlka sem hefur verið í umræðunni hér er amerísk. Sambærileg flokkun er einnig í Kanada. Ástæðan fyrir þessari flokkun er margþætt, en aðallega sú að í þessum löndum er ekki staðlað túlkanám. Starfandi táknmálstúlkar hafa því mjög mismunandi menntun og bakgrunn, sumir hafa aðeins færni í táknmáli og enga menntun í táknmálstúlkun, aðrir hafa lokið prófi á háskólastigi í táknmálstúlkun. Túlkarnir ráða því sjálfir hvort þeir sækja um þessa flokkun. Í USA eru tvær gerðir prófa, annars vegar á vegum RID, samtökum táknmálstúlka og hins vegar á vegum NAD, Landsfélagi heyrnarlausra. Reyndar er verið að samræma þessi tvö próf nú á þessu ári og eru þau bæði skrifleg og í formi viðtals og túlkunar. Í USA eru einnig mörg fylki með próf til að meta hæfni túlka, en þau próf eru ekki stöðluð á milli fylkja. Það sem er m.a. skoðað er hvort túlkað er á táknaða ensku eða á gott Döff-ASL táknmál.

Í Evrópu víðast hvar er menntun táknmálstúlka í mun fastari skorðum en USA og því hefur ekki verið þörf á að fara af stað með mat eða flokkun á táknmálstúlkum. Á Norðurlöndunum er



menntun skilyrði þess að geta unnið sem táknmálstúlkur.

Táknmálstúlkun hér á landi er þriggja ára nám við Háskóla Íslands og er mikil verkleg þjálfun hluti af því. Færni túlkanna eykst svo með hverju starfsári.

Námið var sérsníðið á sínum tíma með hliðsjón af sambærilegu námi víða erlendis, til dæmis Deaf Studies í Ameríku og túlkanámi á Norðurlöndunum.

Hér starfa ekki ómenntaðir einstaklingar sem táknmálstúlkar og verið er

að vinna í lögverndun starfsheitisins sem mun koma enn frekar í veg fyrir að það geti gerst. Hægt er að óska eftir ákveðnum túlki þegar beiðni um túlkaþjónustu er lögð fram og starfandi túlkaþjónustur sjá til þess að í verkefni fari túlkur sem getur leyst það vel og farsælega. Aðstæður eru mismunandi eins og þær eru margar, það sem á við í einu verkefni á ekki við í öðru og metur túlkurinn það hverju sinni. Túlkun er samvinna túlks og túlkanotanda og margt sem túlkur þarf að taka tillit til. Táknmálstúlkaþjónusta er tiltölulega ung að árum hér á landi og hópurinn fámennur sem kemur að henni.

Með þessi atriði í huga setjum við spurningamerki við þörfina á flokkun túlka hér á landi, einkum með tilliti til þess hvernig nám í táknmálstúlkun og túlkaþjónustan er byggð upp.

Flokkun túlka kallar einnig á fleiri spurningar sem þyrfti að svara áður en hægt væri að leggja einhver matspróf fyrir, s.s. Hvað er góð túlkun? – Hvað er gott táknmál? Eftir hverju á að meta/flokka táknmálstúlk? Hver á að meta túlkinn/túlkunina?

Það er gott að þetta mál er tekið til umræðu því öll fagleg umræða styrkir starf okkar.

Með kveðju og ósk um áframhaldandi gott samstarf

HART - Félag háskólamenntaðra táknmálstúlka

Menntun heyrnarlausra í ýmsum löndum

eftir Hjördís Önnu Haraldsdóttur

Sex íslensk ungmenni á aldrinum 15-25 ára tóku þátt í fjölþjóðaverkefni dagana 5.-12. mars 2005 í Svíþjóð

Samvinnuverkefni Grikklands, Lettlands, Svíþjóðar og Íslands

Markmiðið var að hittast og leggja áherslu á möguleika heyrnarlausra til að mennta sig

Samanburður á menntun heyrnarlausra og stöðu



Allur hópurinn sem tók þátt í verkefninu

Sex íslensk ungmenni á aldrinum 15-25 ára tóku þátt í fjölþjóðaverkefni dagana 5.-12. mars 2005 í Svíþjóð

Samvinnuverkefni Grikklands, Lettlands, Svíþjóðar og Íslands

Markmiðið var að hittast og leggja áherslu á möguleika heyrnarlausra til að mennta sig

Samanburður á menntun og stöðu heyrnarlausra

Við vorum 6 ungmenni á aldrinum 15-25 ára sem tókum þátt í fjölþjóðaverkefni sem Svíar sáu um að skipuleggja þann 5.-12. mars 2005. Þetta var samvinnuverkefni Grikklands, Lettlands, Svíþjóðar og Íslands. Aðalmarkmið verkefnisins var að hittast og leggja áherslu á möguleika heyrnarlausra til að mennta sig. Við sóttum nokkrar málstofur þar sem við bárum okkur saman um hvernig staðan er í hverju

landi og voru margar þeirra fróðlegar.

Dagur 1

Þegar við komum til Örebro tók kennari á mót okkur og fylgdi okkur á hótelið sem við gistum á. Við vorum fegin að fá herbergi og vorum tvö saman í hverju herbergi. Aftur kom kennari og sótti okkur og gekk með okkur til Virginska skolan þar sem við áttum oft eftir að hitta hópin. Þar var ýmislegt gert til að fólkið í hópnum kynntist. Allir skemmtu sér vel en um 35 manns tóku þátt í verkefninu.

Dagur 2

Kynning frá hverju landi fór fram þennan dag. Við fórum til Wädköping semer svæði í Örebro með gömlum byggingum sem minnti okkur á Árbæjarsafnið. Um kvöldið áttu allar þjóðir að bjóða upp á mat sem er dæmigerður fyrir þeirra venjur og menningu. Við komum með harðfisk, flatbrauð og

íslenskt smjör, einnig höfðum við kynningu á íslensku nammi, Tópas, Opal og Þrist sem vakti lukku. Athyglisvert var að smakka þjóðarrétti hinna, eftirminnilegasti maturinn var eftirréttur Grikkjanna en það var svo sæt kaka að maður fékk í magann. Um kvöldið var farið í nokkra leiki á hótelinu til að hrista hópin betur saman.

Dagur 3

Virginska skolan var skoðaður en skólinn er svipaður og fjölbrautaskólar á Íslandi. Það eru 1700 nemendur í skólanum og um það bil 10% af þeim eru heyrnarskertir og heyrnarlausir. Námið þar er bæði bóklegt og verklegt. Við sáum margt athyglisvert þar t.d. ljómyndun og svo er veitingastaður í skólanum þar sem nemendur eru þjálfaðir í að matreiða og þjóna til borðs. Haldinn var fyrirlestur um sjálfböðavinnu þar sem tveir heyrnarlausir sjálfböðaliðar komu og sögðu frá reynslu sinni,



Íslenskt góðgæti



Grískur matur

annar þeirra var stelpa frá Frakklandi og hinn var strákur frá Slóveníu. Svo fórum við að heimsækja Birgittaskolan sem er grunnskóli fyrir heyrnarlausu í Örebro. Þar tóku efri bekkingar á móti okkur og sýndu okkur skólann. Við skoðuðum nærri því allar stofur í skólanum, þar sem heimilisfræði, handmennt, smíði, eðlisfræði, líffræði, efnafræði og tölvufræði eru kennd og stofu sem einn bekkurinn átti en þar hafði hver nemandi sitt skrifborð til að læra við. Um kvöldið var farið á kaffihús sem nefnist Café 019 þar sem heyrnarlausir hittast stundum til að spila fótbolta, pool og líka bara sitja og tala saman.

Dagur 4

Við fórum í Virginska skolan þar sem boðið var upp á

vetrardagskrá og allir heyrnarlausir og heyrnar-skertir fóru upp á fjall. Hægt var að velja um skíði, gönguskíði, sleða, skauta, og margt fleira. Flestir völdu að renna sér á sleða. Um kvöldið var farið í Dövehuset.

Dagur 5

Farið var að skoða Tullängskolan sem er svipað og iðnskólar á Íslandi. Þar var stórt svæði sem skólabyggingarnar dreifðust um. Okkur var skipt niður í hópa og farið í skoðunarferð um skólann þar sem við sáum margt athyglisvert. Snerum við svo aftur í Virginska skolan en þar var ráðgjafi fyrir heyrnarlausu sem hélt fyrirlestur um starf sitt. Hún sér um að hlusta á nemendur ef þeim líður illa eða þurfa að létta á sér. Svo var farið í málstofur og

skólakerfið hjá hverju landi borið saman.

Dagur 6

Farið var í heimsókn á Túlkamiðstöðina sem var rétt hjá hótelinu þar sem við gistum. Þar var margt skemmtilegt og fróðlegt að sjá. Síðan var farið í Wasahus sem er heimavist fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta nemendur og er staðsett fyrir ofan Café 019. Þá var farið í hópinnu þar sem hver þjóð vann saman til að svara nokkrum spurningum sem snerust um stöðu okkar í heimalandinu. Svo var farið í sund í Gustavik og það voru margar rennibrautir og öldugangur og allir voru ánægðir með kvöldið.

Dagur 7

Byrjað var á að fara í hópinnu í Virginska skolan sem snerist um verkefnið. Svo var farið til Örebro Universitet en þar var heyrnarlaus nemandi sem sagði frá reynslu sinni af skólanum. Um kvöldið ætluðum við að fara út að borða og síðan í draugakastala. En á leiðinni á veitingahúsið var Hjördís svo óheppin að renna til og fótbrotna illa. Einn kennari hjálpaði henni á slysideild. Hinir skemmtu sér vel. Svo hittumst við á hótelinu þar sem allir voru að kveðjast, Grikkir áttu flug eldsnemma um morguninn, við Íslendingarnir þurftum taka lest um áttaleytið og Lettar eftir hádegi. Heimferðin gekk vel, allir stóðu saman og voru duglegir að hjálpast að. Vikan var viðburðarík og fjótt að líða. Allir fóru heim ánægðir og sáttrir við verkefnið.

Þau sem tóku í þátt í verkefninu:
Hjördís Anna Haraldsdóttir
Hulda María Halldórsdóttir
Elísabet Kjartansdóttir
Gunnar Björn Jónsson
Sindri Jóhannesson
Sólrun Birna
Snæbjörnsdóttir

Staða menntunarmála heyrnarlausra

Góðir menntunarmöguleikar á Íslandi og í Svíþjóð Sérstakt var að sjá hvar hinar þjóðirnar eru staddir varðandi menntun ungra heyrnarlausra og heyrnarskertra einstaklinga miðað við Ísland.

Menntunarmöguleikar á Íslandi eru góðir, við getum nánast valið okkur skóla og fengið túlk. Í Svíþjóð eru líka góðir menntunarmöguleikar og mikið félagslíf því margir heyrnarlausir nemendur eru í námi við hvern skóla en hér á landi eru oftast miklar líkur á að nemandinn verði sá eini sem er heyrnarlaus. Einnig fá sænskir nemandur peningastyrk til að fara í skóla sem dugur nokkurn veginn fyrir gistingu, ferðakostnaði og mat.

Í Grikklandi hafa menn mikinn metnað í námi og heyrnarlausir þar eru duglegir við að finna leiðir til að mennta sig. Það er ekki jafn auðvelt og í Svíþjóð þar sem nánast sjálfvirkir kerfi tekur við nemum a.m.k. í Örebro. Í Grikklandi þarf maður að berjast, þar eru fáir túlkar og því er barist um túlkana og síðan er óljóst hver á að borga fyrir þjónustu þeirra og í sumum tilvikum þarf fólk að gera það sjálft. Ég get lítið sagt um Lettland þar sem fólkíð þaðan var í matvælanámi, en ég held að menntunarmöguleikar þeirra séu lakari en á Íslandi og í Svíþjóð.

Íslenskur keppandi á Ólympíuleikum heyrnarlausra

eftir Rögnu Guðrúnu Magnúsdóttur



Um það bil sem nýja árið var að ganga í garð var Ragna Guðrún Magnúsdóttir á flugi um loftin blá á leið til Ástralíu til að taka þátt í Ólympíuleikum

heyrnarlausra. Þar keppti hún í keilu fyrir Íslands hönd. Hér segir hún frá reynslu sinni á leikunum.

Ferðin gekk rosalega vel. Ég lagði af stað þann 30.

desember og var komin til Melbourne 1. jan kl. 7.30 um morguninn. Það vartekið vel á móti mér. Ég hélt að ég færi með rútu eins og íþróttafólkið en ég fékk einka bílstjóra frá hótelinu og fór beint þangað. Fundur Deaflympics var svo haldinn þann 3.-4. janúar þar sem ég var fulltrúi ÍFH. Ég sat mikið í vélinni á leiðinni út og þurfti svo að sitja á fundum frá 8-18. Úff. Kvefið var að æra mig og ég var slöpp fyrstu dagana. Opnunarhátíðin byrjaði 5. janúar um kvöldið. Á opnunarhátíðinni var ég mjög slæm og miðað við veikindin stóð ég mig vel að vera á staðnum. En allt gekk vel að lokum. Keppnin hófst 7. janúar og því gat ég hvílt mig og hafði náð fullum bata. Það var líka gott að Hjördís Anna Haraldsdóttir og Heiðís Dögg Eiríksdóttir studdu mig til dáða, en þær voru á ferðalagi í Ástralíu á eigin vegum. Ég vil þakka þeim fyrir stuðninginn!

Fyrsta prufudaginn fékk ég að sjá aðstæður í salnum og prófa brautina. Ég hitti keppendur af mörgum þjóðernum og spjallaði við þá. Á brautunum var lítil olía miðað við hér heima og það bjargaði mér alveg. Konurnar sem kepptu voru frá 15 löndum en karlarnir sem tóku þátt voru frá 33 löndum. Í keppninni sjálfri gekk mér rosalega vel, ég lenti í 23. sæti af 63 og er bara hæstánægð með það.

Ég, Hjördís og Heiðís fórum í strandferð til Port Sea fyrsta daginn og það var minnistæðasta ferð sem ég hef upplifað. En annars ferðaðist ég lítið því ég var mest að einbeita mér að keppninni.

Ég vil þakka Íþróttafélagi fatlaðra, Íþróttafélagi heyrnarlausra og Félagi heyrnarlausra fyrir stuðninginn í þessari ferð.

Ragna Guðrún Magnúsdóttir

Fundur Deaflympics/ CISS 3. og 4. janúar 2005

Á fundinum sem Ragna sótti kom meðal annars fram að Vetrarólympíuleikar heyrnarlausra verða haldnir í Salt Lake City í Bandaríkjunum 1.-10. febrúar árið 2007. Næstu sumarleikar verða hins vegar í Taipei í Kína 5.-15. september 2009. Tólf ný lönd höfðu sótt um aðild að Alþjóðlegri íþróttanefnd

heyrnarlausra og var aðild þeirra samþykkt.

Fróðleikur um Ólympíuleika heyrnarlausra

Ólympíuleikar heyrnarlausra hafa verið haldnir reglulega í 80 ár og eru meðal stærstu íþróttaviðburða í heiminum. Fyrstu Ólympíuleikar heyrnarlausra voru haldnir í París árið 1924 og voru það fyrstu leikarnir sem voru sérstaklega ætlaðir fólki með fötlun. Alþjóðleg íþróttanefnd heyrnarlausra (CISS) var stofnuð til að halda

Ólympíuleikana fjórða hvertár. Í fyrstu hétu leikarnir The Silent Games (Hinir hljóðu leikar), seinna the Deaf World Games (Alheimsleikar heyrnarlausra) en árið 2001 var núverandi nafn tekið í notkun Ólympíuleikar heyrnarlausra eða Deaflympics. Rúmlega 3000 íþróttamenn frá 75 löndum tóku þátt í sumarleikunum í Melbourne í Ástralíu árið 2005. Þörfin fyrir sérstaka Ólympíuleika fyrir heyrnarlausra sést ekki aðeins á því hversu margir

taka þátt í leikunum. Heyrnarlausir íþróttamenn eru ólíkir öðrum íþróttamönnum vegna sérstakra samskiptaparfa þeirra á íþróttavellinum og einnig vegna félagslegu samskiptanna sem eru ekki síður mikilvægur hluti leikanna.

Heimildir og nánari upplýsingar um Ólympíuleika heyrnarlausra: www.deaflympics.com www.2007deaflympics.com www.2009deaflympics.com

Ort í skyín

Ljóðrænt táknmál og ljóðagerð þess

eftir Kristín Th. Þórarinsdóttir

Ljóðagerð í samfélagi heyrnarlausra er tiltölulega ung sem fræðigreinin og hefur lítið verið rannsökuð sem og táknmálin yfirleitt. En í kjölfar málfræðilegrar umræðu, þá aðallega í ameríska táknmálinu (ASL), urðu greiningar á ljóðum á táknmáli algengari og fræðileg gagnrýni gat átt sér stað. Umfjöllunarefnið í B.A. ritgerð minni var ljóðrænt táknmál og þær aðferðir sem fylgt er eftir við ljóðagerð þess. Ég hóf umræðu mína á því að fjalla um málfræði táknmáls, því til að hægt sé að átta sig á ljóðagerð táknmáls er nauðsynlegt að kunna skil á þeim grundvallaratriðum sem varða málfræði táknmáls og þeim kenningum sem notaðar eru í táknmálum almennt. Því næst fjallaði ég um þá þætti sem helst eru notaðir við ljóðagerð í raddmálum (þau tungumál sem notast við röddina), t.a.m. bragfræðilega þætti s.s. rím, stuðlun, hrynjandi og einnig myndhverfingar, því algengt er að þessir þættir séu notaðir til samiburðar í ljóðagerð táknmáls. Ég skoðaði því næst rannsóknir á bragfræðilegum þáttum og uppbyggingu ljóða í táknmáli, þá helst í breska og bandaríska táknmálinu. Ég studdist við kenningar Clayton Valli (1990), Edward Klima, Ursulu Bellugi (1976) og Rachel Sutton-Spence (2000, 2001, 2003). Þar ræddi ég hvernig rím, stuðlun og



Kristín Th. Þórarinsdóttir

hrynjandi kemur fyrir í ljóðagerð táknmáls og einnig þætti sem einungis koma fyrir í ljóðum í táknmáli, s.s. jafnvægi milli handanna, flæði hreyfinganna og notkun táknrýmisins. Með því var athugavert að sjá muninn á ljóðrænu og hefðbundnu táknmáli. Í daglegu tali er algengara að málhafinn notist meira við virku höndina en þá óvirku en í ljóðrænu táknmáli er jafnvægi haldið milli beggja handa. Táknrýmið í ljóðrænu táknmáli er einnig stærra en gengur og gerist í daglegu tali. Tákunin er hægari og tignarlegri samanborið við daglega tákun sem innifelur oft á tíðum flýtvíllur eða hik sem ber enga ákveðna merkingu. Í ljóðum er öllum skilum á milli tákna eytt og allar hreyfingar bera merkingu. Ég fjallaði einnig um frávik eða skáldaleyfi sem geta komið fyrir í ljóðum á táknmáli. Þar ber þá helst að nefna óvenjulega myndun tákna á myndunarstöðum sem eru óalgengir og sjást einungis í ljóðrænu táknmáli. Til dæmis tákn sem hylja andlitið eða tákn sem tengjast saman við

óvenjulega staði eins og olnboga. Menningarlegt og táknrænt gildi ljóða var rætt og þá sérstaklega hvernig menning heyrnarlausra endurspeglast bæði í innihaldi ljóðanna og ljóðrænni framsetningu þeirra.

